Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 5. mars 2019
2019030001

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

***Gjaldskrá sumarnámskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum***

Sumarnámskeið Fjölskyldu- og húsdýragarðsins eru verðlögð þannig að þau standi undir kostnaði. Sumarið 2019 er gert ráð fyrir að bjóða uppá námskeið hálfan daginn fyrir börn á aldrinum 10-12 ára alla virka daga sumarsins.
Börnin fá fræðslu og eru undir eftirliti starfsmanna námskeiðanna frá klukkan 09:00-12:00, en hafa síðan möguleika að vera áfram í garðinum þar til hann lokar, klukkan 18:00.

Árið 2018 var verð á hálfsdags námskeiði í fimm daga 17.800 kr. Gert er ráð fyrir að það hækki í 18.400 kr. sumarið 2019.
Árið 2018 var verð á hálfsdags sumarnámskeiði í 4 daga 14.200 kr. Gert er ráð fyrir að það hækki í 14.700.
20% systkinaafsláttur er veittur af gjaldi annars barns.
Reiknað er með að hver starfsmaður hafi 5 börn undir sinni umsjón á hverju námskeiði.

Lagt er til að menningar-, íþrótta- og tómstundaráð samþykki gjaldskrána.

Ómar Einarsson

Ómar Einarsson.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík